

Víðfeðm og styrk tengsl íslenskra listamanna við hinn erlenda listheim er hugmyndin á bak við framtíðarstarfsemi á Eiðum

"Ég hef áhuga á lífi"

Fólkið á Fljótisdalshéraði veltir mjög vöngum yfir því hvaða starfsemi eigi að fara fram á Eiðum í framtíðinni og biður þess í óþreyju að lifni yfir staðnum. **Steinunn Ásmundsdóttir** hitti Sigurjón Sighvatsson á dögnum og spurði hann um inntak þeirra hugmynda sem hann og félagi hans, Sigurður Gísli Pálmason, hafa um Eiða.

Blaðið kristallar Eiðahugmyndina; þetta er starfsemin á Eiðum í hnotskurn," segir Sigurjón Sighvatsson um Lesbók Morgunblaðsins frá 27. mars sl. Þá var hún helguð myndlistarverkum og skrifum kunnra erlendra og innlendra listamanna, auk tveggja sýningarstjóra, sem vörðu saman nokkrum dögum á Eiðum sl. haust.



"Það er mikið í deiglunni og tekur allt sinn tíma; kannski tuttugu ár, sem að mínu viti væri ágætt," segir Sigurjón Sighvatsson um uppbyggingu á Eiðum. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

[]

"Þetta er mjög tengt því sem við viljum gera á Eiðum," heldur Sigurjón áfram. "Blaðið er með stærstu samstarfsverkefnum innlendra og erlendra listamanna hér heima. Þeir erlendu listamenn sem eiga efni í blaðinu eru heimsþekktir og innlendu listamennirnir ungir og upprennandi. Með samveru þeirra á Eiðum og útgáfu blaðsins er kominn möguleiki fyrir Íslendingana að fá vettvang með hinum, þar sem þeir vonandi standa sig í samræmi við það." Sigurjón segir blaðið einnig koma út á enskri tungu og það vikki skírskotunina. "Blaðið er ein stærsta kynning sem farið hefur fram á íslenskri myndlist. Fyrir utan dreifinguna á Íslandi fer það á fimm þúsund söfn og gallerí út um allan heim og fólk mun sýna þessu áhuga. Ekki síst vegna þess að það sér að margir af listamönnum sem þarna eiga efni eru mjög hátt skrifaðir á alþjóðavettvangi."

Eiðar í öðru og nýju samhengi

"Mörgum finnst hlutirnir gerast of hægt á Eiðum og það er skiljanlegt, en við viljum fara varlega. Nú erum við búnir að setja Eiða í Morgunblaðið og þar með í vitund fólks í öðru samhengi en áður, ekki endilega út um allan heim, en víða þó.

Þrátt fyrir öll okkar "alþjóðlegheit" erum við Íslendingar í rauninni afar einangraðir. Þótt ég sé ekki sérfræðingur í hinum íslenska listheimi veit ég þó að tengsl við útlönd og erlenda listamenn eru mjög laus. Þau eru jafnvel tengd örfáum einstaklingum og ef sú keðja rofnar er ekki hægt að byggja hana aftur, því öll þekkingin og reynslan er fölgin í einum einstaklingi. Að skapa víðfeðm og styrk tengsl íslenskra listamanna við hinn erlenda listheim er hugmyndin á bak við starfsemi okkar á Eiðum í framtíðinni. Það er svo einfalt."

Hundruð manna hlaupandi fram og til baka

Sigurjóni sýnist gæta þeirrar skoðunar hjá einhverjum að eina leiðin til að Eiðar geti verið blómlegur staður og hjálpað landsbyggðinni eystra sé að þar verði mörg hundruð manns hlaupandi fram og til baka. "Menn eru alltaf að spyrja hvað við ætlum að skapa mörg störf. Ég hef voða lítinn áhuga á störfum. Ég hef áhuga á lífi.

Margir sem ég hef talað við vilja endurreisa lýðháskólahugmyndina. Slíkir skólar eru hins vegar hugtök 20. aldarinnar og í þessum rafræna heimi, sem er í raun orðinn svo lítill, eru staðbundin menntasetur tilheyrandi síðustu öld. Fólk af Héraði og úr Reykjavík hefur verið að velta upp hlutum sem því finnst að eigi að framkvæma á Eiðum, en ég spyr á móti, eru þeir hlutir raunhæfir, ekki bara peningalega, heldur er pláss fyrir þá?

Við teljum að ýmsir samfélagslegir þættir á Héraði muni njóta góðs af starfsemi á Eiðum þegar þar að kemur. Það sem hefur komið út úr vinnu hópsins sem starfar að málefnum Eiða eru til dæmis leikverkin sem hafa undanfarið verið sýnd á staðnum. Þau eru byrjun á öðru og meira."

"Alþjóðlegt listumhverfi er dálítið óáþreifanlegt og alls ekki víst að allir nái utan um hugmyndina," heldur Sigurjón áfram. "Það er mikið í deiglunni og þetta tekur allt sinn tíma. Kannski tuttugu ár, sem að mínu viti væri ágætt. Starfsemin sem þegar hefur farið fram er nægjanleg og sköpun hefur átt sér stað. Hvað halda menn að mikil vinna sé á bak við það sem búið er að gerast? Þegar myndlistarmennirnir hittust í fyrrihaust á Eiðum sköpuðu þeir þar hugmyndir og verk og blaðið er m.a. afrakstur af því. Vilja menn meta þetta í peningum? Þetta fólk hafði áhuga á Eiðum og hugmyndum okkar þar og við njótum góðs af því.

Kosturinn sem ég sá við að kaupa Eiða er að þarna er allt til staðar og það er ekki nauðsynlegt að ráðast í einhverjar stórkostlegar framkvæmdir með miklu brambolti. Fólk hefur kannski haldið að endurlífga ætti Eiða með miklum láttum. Staðurinn var búinn að vera lokaður í mörg ár og myllusteinn um háls bæði ríkisins og síðar bæjarfélagsins. Það eru svona staðir út um allt land sem eru lokaðir og dauðir. Ég taldi að Eiðar hefðu miklu meira að bjóða en ýmsir aðrir slíkir staðir sem mér hafa boðist, til dæmis aðstöðuna, nálægðina við Egilsstaði og flugvöllinn og vegna þess að þaðan er stutt niður á firði og upp á hálendi."

Krafturinn beint í sköpunina

"Við hyggjumst nota staðinn sem alþjóðlegan kjarna og skjól fyrir listræna sköpun. Við köllum það náttúruskjólshugmynd. Eiðar eru þjóðgarður á sinn hátt og maður vill halda í það. Þarna er líka einhver sál. Ekki aðeins náttúruvegur, heldur sál. Eitthvað óáþreifanlegt sem stendur á gömlum merg.

Húsakosturinn á Eiðum kemur að góðum notum og fellur vel að nýtingarhugmyndum okkar. Þeir sem vinna í svona verkefni lenda yfirleitt í öllum þessum praktísku málum sem éta upp peningana á ógnarhraða og allur krafturinn fer í það. Þó að á Eiðum sé ekki toppaðstaða er hún fullboðleg. Og við getum nýtt kraftinn í að koma fólki saman og skapa eitthvað. Um leið og komið er líf, þá skapast störf og aðrir hlutir ósjálfrátt meðfram.

Við teljum litla yfirbyggingu farsælasta og ætlum til dæmis ekki að byrja á að ráða safnstjóra eða sýningastjóra að Eiðum. Tæknin hefur frelsað okkur á margvíslegan hátt. Ég get sjálfur unnið nánast allt mitt starf hvar sem er í heiminum með lófatölvu og farsíma. Ef ég get þannig einfaldað ferlið fara peningarnir annars vegar og krafturinn hins vegar beint í sköpunina. Þannig viljum við stjórna Eiðum.

Við ætlum að byggja og framkvæma ýmislegt. En við ætlum bara ekki að gera það strax. Ég tel að ætlunarverk okkar muni þó hafa mistekist ef við gerum það ekki líka. En það er hluti af miklu stærra plani. Við ætlum til dæmis ekki að fara að byggja hús sem við sjáum ekki þörf fyrir og getum ekki borgað af, eða byggja viðbótarhús sem standa svo tóm. Við höfum þarna hótél sem er rekið af Flugleiðum og hefur tekið mikinn kipp í aðsókn síðan við keyptum, vegna þess að aftur er að færast líf í staðinn.

Við vitum um heilmargt fólk sem vill koma og menn þurfa að gera sér ljóst að Eiðar geta orðið afar mikilvægir fyrir Héraðið þótt þar sé ekki starfsemi nema nokkra mánuði á ári.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þegar starfsemin fer að verða traustari, ekki endilega meiri, en markvissari, verður það mikill akkur fyrir Héraðið."

Á vef Eiðastóls ehf., www.namskeid.net/eidar, má sjá nánari útfærslu á framtíðarstarfsemi Eiða. Meðal þess sem verður þar á döfni í ár má nefna sýningu bandaríska listamannsins Pauls McCarthys í vor og námskeið af ýmsum toga þegar líður á árið, svo sem í hönnun og leiklist.



